

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um mótmæli gegn Kárahnjúkavirkjun erlendis frá.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hafa ráðherra borist mótmæli frá náttúruverndarsamtökum eða annars konar samtökum erlendis frá gegn fyrirhuguðum framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hvaða samtökum? Komi fram í mótmælunum hversu margir einstaklingar standi að baki viðkomandi samtökum er óskað eftir að það sé tilgreint í svarinu.
2. Hafa ráðherra borist mótmæli frá einstaklingum erlendis frá gegn framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun? Ef svo er, frá hversu mörgum og hveðrar þjóðar hafa mótmælendur verið?

Skriflegt svar óskast.